

Fimmtudaginn 14. apríl 1994.

Nr. 85/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Andrésí Páli Kolbeinssyni

(Örn Clausen hrl.)

Viðurlagaákvörðun. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu einvörðungu um ákvörðun refsingar. Af hálfu ákærvalds var því skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 11. febrúar 1994, og er krafist staðfestingar á refsíákvörðun hins áfrýjaða dóms.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða verður refsíákvörðun héraðsdómara staðfest.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Andrés Páll Kolbeinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 1. febrúar 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 1. febrúar, er lagður svohljóðandi dómur á sakamálið nr. 22/1994: Ákærvaldið gegn Andrésí Páli Kolbeinssyni í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari dæmir málið.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað fyrir dómnum á hendur Andrésí Páli Kolbeinssyni, kt. 251170-5769, Mávahlíð 17,

Reykjavík, með ákæruskjali, út gefnu 11. janúar 1994 og birtu 25. s.m., fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 29. maí 1993 farið inn í bifreiðina RP-031, þar sem hún stóð ólæst við Laugaveg 97 í Reykjavík, og stolið úr henni tveimur armbandsúrum, tveimur handtöskum, silfurhring, silfurhálsmeni, eyrnalokkum, seðlaveski með greiðslukortum og leðurjakka. Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefst Ragnheiður Margeirsdóttir, kt. 021072-4869, Stapaseli 7, Reykjavík, skaðabóta úr hendi ákærða að fjárhæð kr. 70.000.

Ákærði hefur skýlaust gengist við sakargiftum og ekkert bendir til annars en að hann hafi aðhafst það sem hann er sakaður um. Málið hefur verið rekið samkvæmt ákvæðum 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Frá því á árinu 1990 hefur ákærði, auk annars, verið dæmdur þrisvar fyrir þjófnað. Þann 11. júní 1991 var honum veitt reynslulausn í tvö ár. Hann telst hafa staðist skilorð reynslulausnarinnar.

Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar og frávísunar á bótakröfu vegna vanreifunar. Þann 23. september 1993 kom Ragnheiður Margeirsdóttir, eigandi hinna stolnu muna, á skrifstofu RLR og tók við þýfinu. Þá sagði hún enn vanta nokkra muni sem ekki eru taldir í ákæru og hún áleit ca. 70.000 króna virði. Samkvæmt þessu þykir bera að fallast á kröfu verjandans um frávísun. Þegar alls þessa er gætt þykir samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 70. gr. alm. hegningarlaga, einkum 5. tl., nú bera að dæma stefnanda í þriggja mánaða fangelsi og til greiðslu sakarkostnaðar eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Andrés Páll Kolbeinsson, sæti þriggja mánaða fangelsi og greiði sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hrl., kr. 18.000,00. Bótakröfu Ragnheiðar Margeirsdóttur er vísað frá dómi.